

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Arion banka hf.

Við vorum ráðin af Arion banka hf. til að veita álit með takmarkaðri vissu á ófjárhagslegri upplýsingagjöf sem sett er fram með GRI tilvísunartöflu byggt á Global Reporting Initiative standard, GRI Core og UFS upplýsingar byggt á leiðbeiningum Nasdaq ("skýrslurnar") í árs- og sjálfbærnisráðgjöf Arion banka fyrir árið 2021.

Verkefni okkar var framkvæmt til þess að leggja mat á:

- GRI tilvísunartöflu sem sett er fram með vísun í GRI standards, Core og ófjárhagslegar upplýsingar sem settar eru fram með vísun í UFS leiðbeiningar Nasdaq í árs- og sjálfbærnisráðgjöf Arion banka fyrir árið 2021;
- Aðferðir sem notaðir eru til að útbúa upplýsingarnar;
- Hvort texti sem snýr að sjálfbærni í árs- og sjálfbærnisráðgjöf sé í samræmi við niðurstöður einstakra mælikvarða.

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Arion banka eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Control (ISQC) 1) og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á GRI tilvísunartöflu og ófjárhagslegum upplýsingum sem settar eru fram í Sjálfbærnisráðgjöf Arion banka. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að GRI tilvísunartafla og ófjárhagslegar upplýsingar séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við tókum viðtöl við lykilaðila innan Arion banka, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að GRI mælikvarðar og ófjárhagslegar upplýsingar séu settar fram í samræmi við GRI, Core og UFS leiðbeiningar Nasdaq. Við höfum lagt mat á ferla, töl, kerfi og eftirlitsþætti sem stuðst er við, við söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna hjá Arion banka. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn. Ennfremur, höfum við lagt mat á framsetningu upplýsinga í árs- og sjálfbærnisráðgjöf Arion banka fyrir árið 2021, þar á meðal samræmi í upplýsingagjöfni.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeim gögnum sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að GRI tilvísunartafla og ófjárhagsleg

upplýsingagjöf Arion banka í árs- og sjálfbæriskýrslu fyrir árið 2021 sé að öllu verulegu leyti í samræmi við GRI standard Core og UFS leiðbeiningar Nasdaq og að texti sem snýr að sjálfbærni í árs- og sjálfbæriskýrslu settur fram í samræmi við mælikvarða sem greint er frá.

Kópavogi, 16. febrúar 2022

Deloitte ehf.



Gunnar Þorvarðarson
Endurskoðandi